

Í skóginum stóð kofi einn

Í skóginum stóð kofi einn,
sat við gluggann jólasveinn.

Þá kom lítið héraskinn,
sem vildi komast inn.

"Jólasveinn, ég treysti á þig,
veiðimaður skýtur mig!"

"Komdu litla héraskinn,
því ég er vinur þinn."

Veiðimaður kofann fann,
jólasveinininn spurði hann.

Hefur þú séð héraskinn
hlaupa um hagann þinn?

Hér er ekkert héraskott,
hafa skaltu þig á brott.

Veiðimaður burtu gekk
og engan héra fékk.



Jólasveinar ganga um gólf

Jólasveinar ganga um gólf með gildan staf í hendi,
móðir þeirra sópar gólf og flengir þá með vendi.

:/: Upp á stól stendur mín kannu,

níu nóttum fyrir jól þá kem ég til manna:/:

Adam átti syni sjö

Adam átti syni sjö,
sjö syni átti Adam.
Adam elskaði alla þá
og allir elskuðu Adam.
Hann sáði, hann sáði,
hann klappaði saman lófnum,
stappaði niður fótunum,
ruggaði sér í lendunum
og snéri sér í hring,

Jólasveinar einn og átta

Jólasveinar einn og átta,
ofan komu af fjöllum,
í fyrrakvöld þeir fóru að hátta,
fundu hann Jón á Völlum.
Andrés stóð þar utan gátta,
það átti að færa hann tröllum.
Þá var hringt í Hólakirkju
öllum jólabjöllunum.



Nú skal segja

Nú skal segja, nú skal segja
hvernig litlar telpur gera:
Vagga brúðu, vagga brúðu
-og svo snúa þær sér í hring.

Nú skal segja, nú skal segja
hvernig litlir drengir gera:
Sparka bolta, sparka bolta
-og svo snúa þeir sér í hring.

Nú skal segja, nú skal segja
hvernig ungar stúlkur gera:
Þær sig hneigja, þær sig hneigja
-og svo snúa þær sér í hring.

Nú skal segja, nú skal segja
hvernig ungir piltar gera:
Taka ofan, taka ofan
-og svo snúa þeir sér í hring.

Nú skal segja, nú skal segja
hvernig gamlar konur gera:
Prjóna sokka, prjóna sokka

-og svo snúa þær sér í hring.

Nú skal segja, nú skal segja
hvernig gamlir karlar gera:
Taka í nefið, taka í nefið
-og svo snúa þeir sér í hring.
AAAtsjúú!

Bráðum koma

Bráðum koma blessuð jólin
börnin fara að hlakka til.
Allir fá þá eitthvað fallegt
í það minnsta kerti og spil.

*Hvað það verður veit nú enginn,
vandi er um slíkt að spá.
En eitt er víst að alltaf verður
ákaflega gaman þá.*



Göngum við í kringum

Göngum við í kringum einiberjarunn,
einiberjarunn, einiberjarunn.
Göngum við í kringum einiberjarunn,

snemma á mánudagsmorgni.

Svona gerum við er við þvolum okkar þvott,
þvolum okkar þvott, þvolum okkar þvott,
svona gerum við er við þvolum okkar þvott,
snemma á mánudagsmorgni.

snemma á þriðjudagsmorgni - vindum -

snemma á miðvikudagsmorgni - hengjum -

snemma á fimmtudagsmorgni - teygjum -

snemma á föstudagsmorgni - straujum -

snemma á laugardagsmorgni - skúrum okkar gólf -
snemma á sunnudagsmorgni - greiðum okkar hár -
seint á sunnudagsmorgni - göngum kirkjugólf -

Snæfinnur snjókarl

Snæfinnur snjókarl
var með snjáðan pípuhatt,
gekk í gömlum skóm
og með grófum róm
gat hann talað, rétt og hratt.

"Snæfinnur snjókarl!
Bara sniðugt ævintýr,"
segja margir menn,
en við munum enn
hve hann mildur var og hýr.
En galdrar voru geymdir
í gömlu skónum hans:
Er fékk hann þá á fætur sér
fór hann óðara í dans.
Já, Snæfinnur snjókarl,
hann var snar að lifna við,
og í leik sér brá
æði léttur þá,
-uns hann leit í sólskinið.



Það á að gefa börnum brauð

Það á að gefa börnum brauð
að bíta í á jólunum,
kertaljós og klæðin rauð,

svo komist þau úr bólunum.
::Væna flís af feitum sauð,
sem fjalla gekk á hólunum.
Nú er hún gamla Grýla dauð,
gafst hún upp á rólunum;:.

Ég sá mömmu kyssa jólasvein

(Hinrik Bjarnason/T Connor)

Ég sá mömmu kyssa jólasvein,
við jólatréð í stofunni í gær.
Ég læddist létt á tá
til að líta gjafir á,
hún hélt ég væri steinsofandi
Stínu dúkku hjá,
og ég sá mömmu kitla jólasvein
og jólasveinnin út um skeggið hlær.
Já sá hefði hlegið með
hann pabbi minn hefðann séð
mömmu kyssa jólasvein í gær.



Við óskum þér góðra jóla

Við óskum þér góðra jóla,
við óskum þér góðra jóla,
við óskum þér góðra jóla,
og gleðilegs árs.

*Góð tíðindi færur við
til allra hér:*

*Við óskum þér, góðra jóla
og gleðilegs árs.*

*Við óskum þér góðra jóla,
við óskum þér góðra jóla,
við óskum þér góðra jóla,
og gleðilegs árs.*

*En fáum við grjónagrautinn,
en fáum við grjónagrautinn,
en fáum við grjónagrautinn,
Já, grautinn hér út?*



Snjókorn falla á allt og alla

Snjókorn falla á allt og alla
börnin leika og skemmta sér.
Nú er árstíð kærleika og friðar.
Komið er að jólastund.

Vinir hittast og halda veislur
borða góðan jólamat.
Gefa gjafir, fagna sigri ljósins
syngja saman jólalag.

Á jólaball við höldum í kvöld.
Ég ætla að kyssa þig
undir mistilteini í kvöld.
Við kertaljósins lag.



Gefðu mér gott í skóinn

Gefðu mér gott í skóinn
góði jólasveinn í nótt
úti þú arkar snjóinn,
inni sef ég vært og rótt.
Góði þú mátt ey gleyma
glugganum er sef ég hjá
dásamlegt er að dreyma
um dótið sem ég fæ þér frá.

*Góði sveinki gættu að skóm
gluggakistunni á.
Og þú mátt ei arka hjá
án þess að setja neitt í þá.
Gefðu mér eitthvert glingur
góði jólasveinn í nótt.
Meðan þú söngva syngur
sef ég bæði vært og rótt.*

Plötur hljóma, söngvar óma
gömlu lögin syngjum hátt.
Bara ef jólin væru aðeins lengri.
En hvað gaman yrði þá.



Á jólunum er gleði og gaman

(Friðrik Guðni/Spænskt þjóðlag)

:/: Á jólunum er gleði og gaman
fúm, fúm, fúm :/:

Þá koma allir krakkar með
í kringum jólatréð.

Þá mun ríkja gleði og gaman,
allir hlæja og syngja saman
fúm, fúm, fúm!

:/: Og jólasveinn með sekk á baki
fúm, fúm, fúm :/:

Hann gægist inn um gættina
á góðu krakkana.

Þá mun ríkja gleði og gaman,
allir hlæja og syngja saman
fúm, fúm, fúm!

:/: Á jólunum er gleði og gaman
fúm, fúm, fúm :/:

Þá klingja allar klukkur við
og kalla á gleði og frið.
Þá mun ríkja gleði og gaman,
allir hlæja og syngja saman
fúm, fúm, fúm!

Bjart er yfir Betlehem

Bjart er yfir Betlehem
blikar jólastjarna.
Stjarnan mín og stjarnan þín,
stjarna allra barna.
Var hún áður vitringum
vegaljósið skæra.
Barn í jötu borið var,
barnið ljúfa kæra.

Víða höfðu vitringar
vegi kannað hljóðir
fundið sínum ferðum á
fjöldamargar þjóðir.
Barst þeim allt frá Betlehem
birtan undur skæra.
Barn í jötu borið var,
barnið ljúfa kæra.

Barni gjafir báru þeir.

Blítt þá englar sungu.
Lausnaranum lýstu þeir,
lofgjörð drottni sungu.
Bjart er yfir Betlehem
blikar jólastjarna,
Stjarnan mín og stjarnan þín
stjarna allra barna.

Skín í rauðar skotthúfur

Skín í rauðar skotthúfur
skuggalangan daginn,
jólasveinar sækja að
sjást um allan bæinn.
Ljúf í geði leika sér
lítil börn í desember,
inn í friðog ró, út í frost og snjó
því að brátt koma björtu jólin,
bráðum koma jólin.

Upp á lofti, inni í skáp
eru jólapakkar,
titra öll af tilhlökkun
tindilfættir krakkar.
Komi jólakötturinn
kemst hann ekki í bæinn inn,

inn í frið og ró, út í frost og snjó,
því að brátt koma björtu jólin,
bráðum koma jólin.

Skeytum hús

Skreytum hús með greinum grænum,
fa, la, la, la, la, fa, la, la, la.

Gleði ríkja skal í bænum,
fa, la, la, la, la, fa, la, la, la.

Tendrum senn á trénu bjarta,
fa, la, la, la, la, fa, la, la, la.


Tendrum ljós í hverju hjarta,
fa, la, la, la, la, fa, la, la, la.

Ungir, gamlir - allir syngja:
fa, la, la, la, la, fa, la, la, la.

Engar sorgir hugann þyngja,
fa, la, la, la, la, fa, la, la, la.

Jólabjöllur blíðar kalla,
fa, la, la, la, la, fa, la, la, la.

Boða frið um veröld alla,
fa, la, la, la, la, fa, la, la, la.



Við kveikjum einu kerti á...

Við kveikjum einu kerti á,
hans koma nálgast fer,
sem fyrstu jóla í jötu lá
og jesúbarnið er.

Við kveikjum tveimur kertum á
og komu bíðum hans.
Því Drottinn sjálfur soninn þá
mun senda í líkingu manns.

Við kveikjum þremur kertum á
því konungs beðið er,
þótt Jesús sjálfur jötu og strá
á jólum kysi sér.


Við kveikjum fjórum kertum á,
brátt kemur gesturinn
og allar þjóðir þurfa að sjá
að það er frelsarinn.

Pá nýfæddur

Pá nýfæddur Jesús í jötunni lá
á jólunum fyrstu, var dýrlegt að sjá.
Pá sveimuðu englar frá himninum hans,
því hann var nú fæddur í líkingu manns.

Þeir sungu halelúja með hátíðarbrag.
Nú hlotnast guðsbörnunum friður í dag.
Og fagnandi hirðarnir fengu að sjá,
hvar frelsarinn okkar í jötunni lá.

Ég bið þig ó, Drottinn, að dvelja mér hjá,
að dýrðlinga þína ég fái að sjá.
Ó blessa þú, Jesús, öllbörnin þín hér,
að búa þau fái á himnum með þér.



Magga litla og jólin hennar

Babbi segir, babbi segir:

"Bráðum koma dýrðleg jól".

Mamma segir, mamma segir:

"Magga fær þá nýjan kjól".

Hæ, hæ, ég hlakka til,

hann að fá og gjafirnar.

Bjart ljós og barnaspil,

borða sætar lummurnar.

Babbi segir, babbi segir:

"Blessuð Magga ef starfar vel,

henni gef ég, henni gef ég

hörpudisk og gimburskel."

Hæ, hæ, ég hlakka til

hugljúf eignast gullin mín.

Nú mig ég vanda vil,

verða góða telpan þín.

Jólasveininn minn

Jólasveininn minn, jólasveininn minn
ætlar að koma í dag.

Með poka af gjöfum og segja sögur
og syngja jólalag.

Það verður gaman þegar hann kemur,
hátíðlegt er.

Jólasveininn minn, káti karlinn minn,
kemur með jólin með sér.

þá svo

Jólasveininn minn, jólasveininn minn
ætlar að koma í kvöld.

Ofan af fjöllum með ærslum og köllum
hann arkar um holtin köld.

Hann er svo góður og blíður við börnin
bæði fátæk og rík.

Enginn lendir í jólakettinum
allir fá nýja flík.

Jólasveininn minn, jólasveininn minn
arkar um holtin köld.

Af því að litla jólabarnið
á afmæli í kvöld.

Ró í hjarta - frið og fögnuð
flestir öðlast þá.

Jólasveininn minn, komdu karlinn minn,

kættast þá börnin smá.

Hátíð í bæ

Ljósadýrð loftin gyllir
lítið hús yndi fyllir
og hugurinn heimleiðis leitar því æ
man ég þá er hátíð var í bæ.

∴ Ungan dreng ljósin laða
litla snót geislum baðar
Ég man það svo lengi sem lifað ég fæ
lífið þá er hátíð var í bæ.

Hann fékk bók, en hún fékk nál og tvinna,
hönd í hönd þau leiddust kát og rjóð.
Sælli börn sjaldgæft er að finna
ég syng um þau mitt allra besta ljóð.

Söngur dvín svefnin hvetur,
systkin tvö geta' ei betur
er sofna hjá mömmu ég man þetta æ
man það þá er hátíð var í bæ.∴∴

Nú er Gunna á nýju skónum

Nú er Gunna á nýju skónum,
nú eru að koma jól.

Siggi er á síðum buxum,
Solla á bláum kjól.

:/: Solla á bláum kjól :/:

Siggi er á síðum buxum,
Solla á bláum kjól.

Mamma er enn í eldhúsinu
eitthvað að fást við mat.

Indæla steik hún er að færa
upp á stærðar fat.

Pabbi enn í ógnarbasli
á með flibbann sinn.

"Fljótur, Siggi, finndu snöggvast
flibbahnappinn minn".

Kisu er eitthvað órótt líka,
út fer brokkandi.

Ilmurinn úr eldhúsinu
er svo lokkandi.

Á borðinu ótal böggjar standa,
-bannað að gægjast í.

Kæru vinir, óskup erfitt
er að hlýða því.
Jólatréð í stofu stendur,
stjörnuna glampar á.
Kertin standa á grænum greinum,
gul og rauð og blá.

